



ALMANNAHAGSMUNIR  
FRAMAR SÉRHAGSMUNUM

**Kjóstu Gylfa á þing, settu X við C**



**VIÐREISN**



Óháð fréttablað á Vestfjörðum  
**BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 27. október 2016 · 40. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Fífill í október. Mynd Auður Björnsdóttir.



**HAMRABORG**

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7  
Sími 456 3166



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



**HAMRABORG  
SAMLOKA**  
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*Alltaf  
nýsmurt*

# Breytum rétt – xT



**Sigurjón Þórðarson.**

Dögun er afl breytinga sem vill koma á réttlátu samfélagi. Í Dögun er baráttufólk sem margt hvert hefur um árabíl verið í röðum þeirra sem hafa viljað kerfisbreytingar á íslensku samfélagi.

Íslenskt samfélag er að mörgu leyti gott en á því eru einnig býsna miklir séríslenskir gallar á borð við verðtrygginguna, kvóta-, fjármála- og lífeyris-sjóðakerfið. Furðulegt er að öll þessi stórgölluðu kerfi hafi verið útnefnd sem þau allra bestu í heimi. Undir það hafa tekið málsmetandi álitsgjafar og jafnvel fræðasamfélagið. Gagnrýni hefur vart verið hleypt að í umræðunni.

Ég reyndi eitt sinn að útskýra verðtrygginguna fyrir duglegum útlendingi sem hafði slyssast til að festa sér kaup á íbúð hérlandis. Það sem vafðist fyrir viðkomandi var að lánið hækkaði þrátt fyrir

að hann hefði alltaf greitt samviskusamlega af því. Ég reyndi að útskýra að lánið hækkaði vegna þess að áfengi, tóbak og bílar hækkuðu í verði. Viðkomandi fylltist þá enn meiri undrun og það vottaði fyrir reiði þegar hann sagðist hvorki reykja né drekka og ætti ekki heldur bíl. Mér brást þá bogalístin við að útskýra vitleysuna sem verðtryggingin er enda tíðkast ekki að nota hana í neinu öðru landi í neytendalánnum. Verðtryggingin er ósanngjörn þar sem öll verðbólguáhætta leggst alfarið á lántakendur. Rétt væri að skipta henni á milli fjármálafrýrtækja og skuldara.

Kvótakerfið er einnig sagt það besta í heimi þrátt fyrir að þorskaflinn sé um helmingi minni nú en fyrir daga þess og að sjávarbyggðirnar séu skugginn af því sem þær voru áður en það

kom til sögunnar.

Tillögur Dögunar um breytingar á bólgnu bankakerfi sem endurreist var nær óbreytt af vintristjórninni hafa hingað til ekki fengið málefnalega umræðu. Hagfræðingur sem var áberandi álitsgjafi hjá Kaupþingi fyrir hrún og er nú dósent í Háskóla Íslands hefur eiginlega útmálað samfélagsbankatillögur Dögunar sem geðveiki. Tillagan er þó ekki óraunhæfari en svo að yfir 50 milljónir Þjóðverja skipta við samfélagsbankann Sparkasse. Það er miklu frekar bilun að velja sömu stjórn málaöfl, sömu álitsgjafa og sömu sérfræðinga og réðu fyrir hrún, fólk sem vill gera allt eins og áður, allt það sem kom okkur á kaldan klaka.

Kjósendur ættu að hafa hugfast að besta tryggingin fyrir réttlátum breytingum er að merkja við T í kjörklefanum.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er talið eitt það allra besta í heimi af þeim sem fara með stjórn þess. Frábært ef það væri satt en staðreyndin er að nú í haust er bæði verið að auka fjárstreymi í sjóðina og skerða réttindi launafólks!

Dögun vill beita sér fyrir því að fá fram gagnrýna umræðu um framangreind kerfi sem ekki þjóna þorra almennings en færa þvert á móti fámennum, þröngum hagsmunahópum gríðarlega fjármuni og völd.

Dögun hefur lagt fram raunhæfar leiðir til úrbóta og lítur þá til þeirra kerfa sem aðrar þjóðir nota til að tryggja lífeyri og reka banka.

Veljum breytingar. Merkjum við T á kjördag.

*Sigurjón Þórðarson 1. Sæti á lista Dögunar í Norðvestur kjördæminu*



**Guðjón Brjásson.**

## Stóru málin

Jafnaðarstefnan er líklega áhrifamesta stjórn málahugmynd í okkar heimshluta síðustu hálfu aðra öld. Það er reyndar oft haft á orði að við Íslendingar séum innra með okkur flestir jafnaðarmenn, aðhyllumst hugsjónir um mannúð, virðingu, jöfnuð og réttlæti til handa sérhverjum manni. Þetta eru grundvallarstef og við höldum þeim sleitulaust á lofti í orði og verki, öndvert við ýmsa aðra stjórn málaflokka.

Við stöndum á tímamótum nú eins og svo oft áður. Það eru sterk öfl í samfélaginu sem vilja gjörbreyta þeirri sýn sem jafnaðarmenn hafa. Við eigum yndislega þjóð, greinda, menntaða og í stórum dráttum heiðarlega. Við viljum trúa og treysta náunganum. Ítrekað höfum við trúað stjórn málaöflum sem lævislega taka sér í orði stöðu við hlið jafnaðarmanna örfáum vikum fyrir kosningar og tala af tungulipurð um dýrmæt gildi sem við jafnaðarmenn tölum fyrir ár út og ár inn. Loforðin eru hinsvegar hunsuð jafnharðan að loknum kosningum og við höfum dæmin fyrir okkur. Þetta gerist einnig nú. Ég undirstrika bara þetta: Varist eftirlíkingar, rifjum upp, skoðum söguna. Hver hafa verið hin raunverulegu baráttumál þessara flokka? Hverjir hafa fengið bestu sætin við kjótkatlana? Eru það aldraðir, öryrkjar, námsmenn, barnafólk, almennir launþegar? Svari nú hver fyrir sig.

Jafnaðarmannaflokkur Íslands, Samfylkingin er ekki kerfisflokkur. Hann er ekki flokkur sérhagsmunahópa, ekki útvegsmanna, ekki bændasamtaka, ekki sjávarútvegsforkólfa og ekki forráðamanna viðskiptalífsins. En hann er hinsvegar hagsmunaflokkur allra þeirra sem innan þessara vébanda starfa, venjulegs fólks. Flokkurinn tekur sér stöðu meðal þeirra og ekki annarra.

Stundum hefur okkur gengið vel og ef við horfum til sögunnar geta jafnaðarmenn verið afar stoltir. Við höfum verið kyndilberar og hreyfiafl stærstu umbótamála í heila öld og það er af nógu að taka, Vökulögin,

almannatryggingakerfið, Lög um stéttarfélag og vinnudeilur, Lög um verkamannabústaði og síðar félagslegt íbúðarhúsnæði, lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna, aðildin að EFTA og síðar EES, jafnréttislög og fleira og fleira. Allt eru þetta verk jafnaðarmanna. Við erum hreyfing og afl með fortíð og erum reiðubúin til stórra verka í framtíð.

Við fáum að nota okkar dýrmæta lýðræðislega rétt eftir fáa daga í kosningum til Alþingis. Baráttumál okkar jafnaðarmanna eru enn á sömu lund, vörn og sókn fyrir venjulegt fólk en ekki þrönga sérhagsmunni:

- Við viljum og ætlum að efla starfsemi Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, endurreisa heilsugæslu og mæðravernd.
- Við styðjum við uppbyggingu ferðaþjónustu og fiskeldis á svæðinu í sátt við umhverfi, lífríki og mannlíf
- Við berjumst áfram fyrir bættum samgöngum á Vestfjörðum, viljum ljúka fyrirhuguðum verkefnum eins og Dynjandisheiði, Bjarnarfjarðarhálsi, Vestfjarðarvegi 60 og Veiðileysuhálsi á Ströndum
- Við viljum tryggja rannsóknarfé fyrir millilandaflugvöll á Vestfjörðum
- Við krefjumst þess að innanlandsflug verði að raunverulegum valkosti fyrir fólk, t.d. með skosku afsláttarleiðinni
- Við munum standa vörð um Fjölmenningarsetur á Ísafirði, menntastofnanir á Vestfjörðum, efla Háskólasetrið og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

- Við ætlum að gera betur við barnafjölskyldur, lengja fæðingarorlof í 12 mánuði og hækka barnabætur
- Við ætlum að tryggja öldruðum og öryrkjum 300 þúsund króna lágmarksframfærslu

Fái ég til þess stuðning í komandi kosningum mun ég beita mér af einurð í þessum mikilvægu verkefnum. Kjósum heilbrigðara og réttlátara samfélag fyrir alla.

*Guðjón S. Brjásson skipar 1. sæti á lista Samfylkingar í NV kjördæmi*

## Stórskotaliðið mætti til Ísafjarðar

Helstu skyttur landsins voru samankomnar á Ísafirði um helgina þegar landsmót Skotíþróttasambands Íslands fóru fram. „Þetta voru tvö landsmót í sinni hvorri greininni,“ segir Guðmundur Valdimarsson, formaður Skotíþróttafélags Ísafjarðarbæjar, en félagið hafði umsjón með mótunum sem fóru fram í aðstöðu félagsins undir áhorfendastúkunnunni á Torfnesi.

Á laugardag var keppt í 50m riffilskotfimi í liggjandi stöðu og

heimamaðurinn Valur Richter fór með sigur af hólmi. „Það er gaman að geta þess að í öðru sæti var Jón Þór Sigurðsson sem er Íslandsmeistari og Íslandsmetshafi þannig að þetta var feykigóður árangur hjá Vali,“ segir Guðmundur.

Jórunn Harðardóttir sigraði í kvennaflokkinn. Á sunnudag var keppt í þríþraut og Guðmundur Helgi Christensen varð hlutskarpastur og bætti eigið Íslandsmet með loftrifflí. Líkt og fyrir keppn-

isdaginn sigraði Jórunn Harðardóttir í kvennaflokki.

Að sögn Guðmundar er þetta ekki fyrsta stóra mótið sem Skotíþróttafélagið heldur. „Í sumar vorum við með mót á Landsmóti 50+ og þá vann Guðmundur Helgi líka. Hann er einn af allra bestu skotmönum landsins.“

Íslandsmótin eru hluti af mótaröð Skotíþróttasambands Íslands og í mars verða haldin mót á ný á Ísafirði.




Bringur **1.898**  
kr. kg

Bónus Kjúklingabringur  
Ferskar



**298**  
kr. kg

Kjörfugl Kjúklingavængir  
Ferskir



## GOTT VERÐ Í BÓNUS



**1.698**  
kr. kg

Íslandsnaut Ungnautahakk  
Ferskt

**100%**  
Íslenskt  
ungnautakjöt



**69**  
kr. 400 g

Tómatar  
400 g, 2 tegundir



**198**  
kr. pk.

Poco Loco Tortillakökur  
4 stk. stórar eða 8 stk. litlar



**198**  
kr. 400 g

Wewalka Pizzadeig  
Ferskt, 400 g



**139**  
kr. 24 stk.

Bökunarpappír  
24 arkir



**198**  
kr. stk.

ES Ostapizza  
Frosin, 300 g



**298**  
kr. 400 g

KW Pipardropar  
400 g



**298**  
kr. 400 g

Bónus Piparkökur  
400 g



**129**  
kr. 330 ml

Ceres Jóna Hvítöl  
Danskt, 330 ml

# BÓNUS EKKERT BRUÐL



**Útgefandi:** Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740  
**Afgreiðsla og ritstjórn:** Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560  
**Ritstjóri BB og bb.is:** Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is  
**Abyrgðarmaður:** Bryndís Sigurðardóttir.  
**Blaðamaður:** Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is  
**Auglýsingar:** Sími 456 4560, auglysingar@bb.is  
**Prentvinnsla:** Litróf ehf.  
**Upplag:** 2.200 eintök  
**Dreifing:** Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum  
**Stafræn útgáfa:** www.bb.is / facebook.com/pages/bbis  
**Önnur útgáfa:** Á ferð um Vestfirði  
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

## Ritstjórnargrein

# Strik eða prik

Hver er nú munurinn á striki og priki? Jú, tveir piltar, sem ég hirði ekki um að muna hvað heita né hvaða fjölmiðill blastaði bulli þeirra, ræddu hvers vegna dómara á kvennaleikjum fengju miklu minna greitt fyrir vinnu sína en dómara á karlaleikjum. Ástæðuna sögðu þeir vera að það kæmu sko miklu fleiri á leiki þeirra sem skarta priki en striki og því eðlilegt að þar væru hærri laun. Þessar mannvitsbrekkur ræddu ekki í leiðinni að fjölmiðlar sýna frá prikaleikjum, fjölmiðlar tala bara um leiki hinna miklu prika og fjárframlög til prikaliða er almennt margföld en til strikaliða, jafnvel þegar við ræðum um 10 ára gömul strik og prik. Þarf ég að nefna að hrútskýrendur skörtuðu að öllum líkindum priki? Afskið meðan ég æli.

Ég leyfi mér að halda fram að langflestir telji kynjameríti rangt í hvaða mynd sem það birtist og að það er einlægur vilji þeirra að leiðrétta og jafna þurfi stöðu kynja, en viðhorf okkar til kynjanna er svo inngróið í vitund okkar að það virðist erfitt að breyta. Breytingarnar þurfa að vera meðvitaðar og með handaflí ef þarf. Við nenum ekki svona strika og prika þjóðfélagi, við viljum bara jafnrétti. Að það sé almennt jafn auðvelt, eða eftir atvikum jafn erfitt, að vinna fyrir sér, að abyrgð á afkvæmum sé sameiginleg og að kynbundnu ofbeldi verði útrýmt, svona í stuttu máli sem sagt. Ekkert rugl, ekkert glerþak, bara jafnan rétt, hvað getur verið svona flókið við það.

Bæjarinn besta er stúfult af texta í dag, framboðum í NV – kjördæmi var boðið að skrifa stutta grein, þau voru líka beðin um að svara nokkrum spurningum og flest brugðust þau hratt og vel við. Áttum okkur á því að undanfarnar vikur hafa hundruð manna unnið meira eða minna í sjálfboðavinnu og jafnvel með talsverðan útlagðan kostnað við undirbúning kosninga, þvælst fram og til baka á þjóðvegum, skrifað óteljandi greinar eða unnið að fjáröflun eða við hringingar. Þetta fólk á ekki skilið persónulegt skítkast eða dónaskap, það að taka þátt í stjórnmálum á ekki að þýða að viðkomandi megi útbýja af óhróðri og bulli. Þeir sem standa í stafni í stjórnmálum þurfa að geta svarað fyrir stefnu sína, orð og gjörðir en ekki að sæta dónaskap. Umberum mismunandi skoðanir en ekki ósannindi og spillingu, rökraðum án gífurlyra og ókurteisi, hlustum og verum gagnrýnin.

Kjósúms

BS

## Spurning vikunnar

Hvaða framboð fær þitt atkvæði 29. október nk?

Alls svöruðu 952

**A - Björt framtíð, sögðu 37 eða 4%**

**B - Framsóknarflokkur, sögðu 95 eða 10%**

**C - Viðreisn, sögðu 41 eða 4%**

**D - Sjálfstæðisflokkur, sögðu 165 eða 18%**

**E - Íslenska þjóðfylkingin, sögðu 142 eða 15%**

**F - Flokkur fólksins, sögðu 70 eða 7%**

**P - Píratar, sögðu 81 eða 9%**

**S - Samfylkingin, sögðu 54 eða 6%**

**T - Dögun, sögðu 68 eða 7%**

**V - Vinstrihreyfingin - grænt framboð, sögðu 115 eða 12%**

**Annað (annað kjördæmi), sögðu 15 eða 2%**

**Ætla ekki að kjósa/skila auðu, sögðu 57 eða 6%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



BOLUNGARVÍK

# Kjörfundur

Kjörfundur í Bolungarvík vegna kosninga til Alþingis Íslendinga laugar-daginn 29. október 2016 verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur við Aðalstræti 10-12.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 22:00 síðdegis.

Kjösendur geta kosið utan kjörfundar hjá fulltrúum Sýslumanns Vestfjarða í Ráðhúsi Bolungarvíkur á opnunartíma þjónustumiðstöðvar á virkum dögum frá kl. 10:00 til kl. 15:00.

Á vefnum www.kosning.is eru myndbönd sem leiðbeina um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar.

Kjösendur geta kannað hvar þeir eru á kjörskrá á vefnum www.island.is og kjörskrá liggur frammi á bæjarskrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar að Aðalstræti 10-12 á afgreiðslutíma þjónustumiðstöðvar frá kl. 10:00 til kl. 15:00.

Kjörstjórn vekur athygli kjósenda á 79. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24 frá 16. maí 2000, en þar segir:

„Kjósandi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér, svo sem með því að segja til sín og framvísa kennivottorði eða nafnskrirteini, eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir kjörstjórn honum einn kjörseðil.“

Kjörstjórn Bolungarvíkur

## Við ætlum að

- **efla starfsemi heilbrigðisstofnunar Vestfjarða**, endurreisa heilsugæsluna og tryggja starfsemi mæðraverndar
- **tryggja uppbyggingu ferðaþjónustu og fiskeldis** á svæðinu í sátt við umhverfi, lífríki og mannflí
- **berjast fyrir bættum samgöngum** á Vestfjörðum þar sem mikilvægt er að klára fyrirhuguð verkefni eins og Dynjandisheiði, Bjarnarfjarðarháls, Vestfjarðarveg 60 og Veiðileysuháls á Ströndum
- **tryggja rannsóknarfé** fyrir millilandaflugvöll á Vestfjörðum
- **gera innanlandsflug** að raunverulegum valkosti fyrir fólk með skosku afsláttarleiddinni
- **tryggja tilvist fjölmenningarseturs** á Ísafirði
- **standa vörð um menntastofnanir** á Vestfjörðum, efla háskólasetrið á Ísafirði og fræðslumiðstöð Vestfjarða.
- **gera betur við barnafjölskyldur**, lengja fæðingarorlof í 12 mánuði og hækka barnabætur
- **tryggja öldruðum og öryrkjum** 300 þúsund króna lágmarksframfærslu



| Guðjón Brjásson

| Inga Björk Bjarnadóttir

| Hörður Rikharðsson

| Pálína Jóhannsdóttir

Kjósúms heilbrigðara samfélag  
Kjósúms Samfylkinguna



Framsóknarflokkurinn í Norðvesturkjördæmi

# Traust forysta sterkar byggðir!

Byggjum á þeim góða grunni sem við höfum skapað. Stórefling í innviðum og grunnþjónustu.

- **Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni**  
Þjónusta byggð á aðstæðum og þörfum fólksins.
- **Búsetujafnrétti fyrir fólk og fyrirtæki**  
Lægra tryggingagjald á fyrirtæki á landsbyggðinni.
- **Forgangsröðum i samgöngur**  
Bættar samgöngur eru þjóðhagslega hagkvæmar og treysta byggð.



Lilja Sigurðardóttir  
4. sæti



Elsa Lára Arnardóttir  
2. sæti



Gunnar Bragi Sveinsson  
1. sæti



Sigurður Páll Jónsson  
3. sæti

Framsókn fyrir fólkið



# Sterkur listi – skýr sýn



Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Kosningarnar 29. október eru tækifæri fyrir Íslendinga til að velja breytta stefnu og betra samfélag. Við í VG göngum bjartsýn til kosninga enda bjóðum við upp á skýra framtíðarsýn sem byggir á réttlæti, umhverfisvernd og efnahagsstefnu fyrir almenning.

## Sterkur listi

Framboðslista VG í Norðvesturkjördæmi skipar öflugt baráttufólk sem býr yfir víðtækri reynslu og þekkir þau mál sem helst brenna á íbúum kjördæmisins. Oddviti listans er Lilja Rafney sem hefur verið einn ötulasti talsmaður kjördæmisins á Alþingi undanfarin ár og í öðru



Katrín Jakobsdóttir.

sæti er Bjarni Jónsson, þaureyndur sveitarstjórnarmaður úr Skagafirði sem veit hvar skórinn kreppir á landsbyggðinni. Dagný Rósa Úlfarsdóttir, kennari og bóndi á Skagaströnd, er í þriðja sæti og fjórða sætið skipar yngsti frambjóðandinn í kjördæminu, Rúnar Gíslason úr Borgarnesi. Í fimmta sæti er Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir frá Kleppjárnsreykjum, kennari og baráttukona fyrir bættu skólustarfi í hinum dreifðu byggðum.

## Tryggjum raunverulega byggðafestu

Hér í Norðvesturkjördæmi verða atvinnumálin ofarlega

á baugi. Við þurfum að halda áfram baráttunni fyrir betra og sanngjarnara fiskveiðikerfi og þar gildir að láta verkin tala. VG er sá flokkur sem hefur náð mestum árangri við endurskoðun kvótakerfisins, meðal annars með því að koma á strandveiðum og veiðigjöldum á stórúterðina svo dæmi séu nefnd. En betur má ef duga skal. Við þurfum að tryggja raunverulega byggðafestu aflaheimilda, við þurfum að tryggja umhverfisvænar fiskveiðar, stuðla að fjölbreyttu útgerðarformi og sjá til þess að arðurinn af auðlindinni skili sér í auknum mæli til almennings, þar á meðal sjávarbyggðanna.

Við í VG munum halda áfram að styðja við íslenskan landbúnað eins og við höfum alltaf gert og sækja fram í umhverfisvænni ferðaþjónustu, nýsköpun og stuðningi við lítil og meðalstór fyrirtæki. Uppgangur ferðaþjónustunnar á undanförunum árum staðfestir að náttúruvernd er ekki aðeins mikilvæg í sjálfrí sér heldur getur hún skapað okkur gríðarlegar tekjur og fjölda starfa.

## Byggjum upp innviðina

Það þýðir þó lítið að blása til sóknar í atvinnumálum ef innviðir samfélagsins eru ekki í lagi. Þess vegna er forgangsverkefni númer eitt, tvö og þrjú að hætta að vanrækja innviðina og byrja að byggja þá upp. Heilbrigðis- og

menntastofnanir eru fjársveltar og brýnar samgönguframkvæmdir í kjördæminu hafa setið á hakanum. Við þurfum að auka framlög til þessara málaflökka til að tryggja jöfn búsetuskilyrði. Við munum berjast fyrir raunverulegri byggðastefnu, standa vörð um menntastofnanir í kjördæminu og ráðast í átak til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns, lægra orkuverð og aðgang allra að góðum háhraðatengingum.

Íbúar í Norðvesturkjördæmi hafa fengið sig fullsadda af niðurskurðarstefnu fráfarandi ríkisstjórnar. Okkur er treystandi til að snúa vörn í sókn og byggja upp innviðina, enda hvikum við hvergi frá þeirri stefnu að tryggja velferð og tækifæri fyrir alla, óháð búsetu. Það verður ekki gert með harða hægristefnu að leiðarljósi.

## Stóru málin

Stærsta kosningamálið á landsvísi er að endurreisa heilbrigðiskerfið sem hefur verið fjársvelt í 25 ár. Ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hafa markvisst grafið undan heilbrigðisþjónustu hins opinbera og aukið einkarekstur í kerfinu. Við munum snúa þessari þróun við og gera það sem þarf til að endurreisa heilbrigðiskerfið með stórauðnum framlögum sem við munum forgangsraða í þágu

sjúkrahúsa, heilbrigðisstofnana um land allt og heilsugæslunnar. Við munum lækka greiðslubyrði sjúklinga og eyða óvissunni um nýjan Landspítala.

En hver á að borga? Þarf ekki að hækka skatta á almenning og fyrirtæki til að standa undir þessari stefnu? Nei, svörum við. VG mun ekki hækka skatta á almenning, heldur hefjast handa við að taka á skattaskjólum og skattaundanskotum, tryggja að alþjóðleg stórfyrirtæki borgi skatta á Íslandi eins og önnur fyrirtæki og sjá til þess að þeir sem nýta auðlindir þjóðarinnar greiði eðlilegt gjald.

Við þurfum nýja ríkisstjórn sem hverfur af braut þeirrar hörðu hægristefnu sem fráfarandi ríkisstjórn hefur rekið og nýtir sóknarfærin sem við höfum til að byggja upp samfélagið og efla grunnstoðirnar um land allt. Kosningarnar 29. október snúast ekki um það hver getur lofað mestu á lokaspertinum því kjósendur sjá í gegnum slíkt. Þessar kosningar snúast um traust og trúverðugleika. Hverjum treystir þú?

*Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs*

*Lilja Rafney Magnúsdóttir, alþingismaður og oddviti Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi*

# Kortir í hræðsluáróður



Gylfi Ólafsson.

Óðinn Gestsson sagði í nýlegu áróðursmyndbandi útgerðarmanna að litlu þorpin myndu þurrkast út á 2-3 árum ef uppboðsleið margra stjórnmalaflokka yrði ofan á. Yfirlýsing hans var tekin upp í frétt Bæjarins Besta nýverið.

Málflutningur Óðins, sem hann er svo sem ekki einn um að flytja, er korter í hræðsluáróður. Hún afvegaleiðir umræðu um þá sáttaleið sem markaðsleiðin er og hvernig hún getur orðið bæði litlu þorpinum og stóru bæjunum mikil lyftistöng. Óðinn gerir sér umræðuna of einfalda. Hann getur betur.

## Litlu þorpin munu styrkjast

Skýringa á miklum hagnaði sjávarútvegsfyrirtækja er að miklu leyti að leita í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Sennilegt er því að mikill hluti auðlindagjalda kæmi þaðan,

sem niðurstaða af háu verði á uppboði, en að auðlindagjöld af bolfiski verði á svipuðu róli og nú er.

Miðað við það hvað leiga á aflaheimildum er há í dag er þó ótrúlegt hversu margir geta stundað fiskveiðar með því að leigja til sín aflaheimildir. Það sýnir að smábátatúterð er hagkvæm, sveigjanleg og mun styrkjast frekar en veikjast við að setja á laggirnar uppboðsmarkað með aflaheimildir. Arðurinn af leigu kvótans fer þá í sameiginlega sjóði en ekki í fáa vasa.

## Arðurinn fer á ranga staði

Arðurinn fer nefnilega á ranga staði í dag. Hann deilist nú á milli ríkisins í formi stórlækkaðra auðlindagjalda sem að of miklu leyti er varið á höfuðborgarsvæðinu, og stórúterða. Þau sem tapað hafa á hagræðingunni í sjávarútvegi, fólkið í sjávarplássonum,

fá lítið sem ekkert. Ríkið fær sitt, stórúterðin sitt en fólkið situr eftir. Landshlutatengd auðlindagjöld, eins og Viðreisn boðar, tryggja að kökunni sé skipt með sanngjarnari hætti.

Innviðirnir á landsbyggðinni þurfa meira fjármagn svo hægt sé að bæta búsetuskilyrði og styðja nýsköpun. Það er sjálfsögð krafa. Á landsbyggðinni verða til mikil verðmæti og eðlilegt að hluti af arðinum verði þar eftir. Þau byggðalög sem hafa orðið undir í hagræðingunni hljóta að fagna þessu.

## Minnkum óvissuna

Óvissa tengd gjaldmiðilsstöðugleika er miklu meiri en óvissa tengd markaðsleið við ákvörðun auðlindagjalda. Mynt-ráðsleið Viðreisnar er trúverðugt skref til að stórauka gengisstöðugleika. Sjávarútvegurinn, eins og aðrir útflutningsatvinnuvegir,

hljóta að vera sammála um það.

Þó stefnur flokkanna séu misjafnar og Óðinn tali um þær almennt, er stefna Viðreisnar sú að endurúthluta án endurgjalds 93-97% af aflaheimildum en setja afgang á markað. Þau auðlindagjöld sem sparast er því hægt að nota til að kaupa aflaheimildir. Rýrnun heimilda miðað við núverandi fyrirkomulag er því óveruleg. Tal um hrun á 2-3 árum er eins nálægt hræðsluáróðri og hægt er.

## Nýtum arðinn til uppbyggingar

Hagræðing sjávarútvegsins er ein stór undirstaða velmegunar, en arðinum er mjög misskipt. Þeir sem töpuðu halda áfram að tapa. Fáar stórúterðir græða mikið. Landshlutatengd auðlindagjöld eru trúverðugasta svárið til að snúa vörn í sókn.

*Gylfi Ólafsson*

# SPENNANDI ATVINNUTÆKIFÆRI

Ævintýri | Náttúruperlur | Njóttu félags, íþróttar & tónlistarlífs á Vestfjörðum



## ARNARLAX

Arnarlax er leiðandi laxeldisfyrirtæki á Íslandi með starfsstöðvar á Bíldudal, Patreksfirði og Tálknafirði.

Hjá okkur starfar fjölbreyttur hópur af hæfileikaríku fólki sem hefur áhuga á að byggja upp atvinnu og gott samfélag á Vestfjörðum

### ***Stöðvarastjórastaða í seiðeldisstöðinni Bæjarvík:***

*Við leitum að einstaklingi sem hefur metnað fyrir starfinu og getur unnið sjálfstætt.*

*Menntun í fiskeldisfræði eða sambærilegt nám æskilegt.*

*Skilyrði er að viðkomandi hafi reynslu af seiðaeldi.*

*Í starfinu felst dagleg stjórnun stöðvarinnar, almenn verkstjórn og þarf að koma að eldisáætlunum.*

*Vinnutími 8-17 og þarf að geta tekið bakvaktir. Miklar framkvæmdir eru í Bæjarvík og verið er að stækka stöðina.*

Hefur þú þekkingu, reynslu eða annað fram að færa og vilt taka þátt í uppbyggingu í ört stækkandi fyrirtæki.

Hafðu samband: [anna@arnarlax.is](mailto:anna@arnarlax.is)

[www.arnarlax.is](http://www.arnarlax.is)

**ÁGÆTU ÍSFIRÐINGAR OG NÁGRANNAR,  
DÖGUN VERÐUR MEÐ KAFFIFUND Í EDINBORG  
BISTRO FÖSTUDAGINN 28.OKTÓBER KL. 17:00.  
Á FUNDINUM VERÐA FRAMBJÓÐENDUR  
DÖGUNAR Í NORÐVESTURKJÖRDÆMI.**

**KÍKIÐ VIÐ Í KAFFI OG GOTT SPJALL OG FÁIÐ  
SVÖR VIÐ SPURNINGUM SEM BRENNNA Á  
YKKUR FYRIR KOSNINGAR.**

**HLÖKKUM TIL AÐ HITTA YKKUR,  
FRAMBJÓÐENDUR DÖGUNAR  
Í NORÐVESTURKJÖRDÆMI**





**Á ÍSLANDI RÍKIR LÝÐRÆÐI, VIÐ ERUM SVO HEPPIN AÐ  
12 FLOKKAR BJÓÐA SIG FRAM TIL ALÞINGIS ÍSLENDINGA.  
FJÖLBREYTTILEIKINN ER MIKILVÆGUR Í LÝÐRÆÐISRÍKI OG  
ÞAÐ ER MIKILVÆGT AÐ ÞÚ KJÓSIR FRÁ HJARTANU,  
ÞVÍ RÖDD ALLRA Á AÐ FÁ AÐ HEYRAST.**

**Á SÍÐUSTU FJÓRUM ÁRUM HEFUR DÖGUN UNNIÐ AÐ STEFNU OG  
MÁLEFNUM SEM VIÐ VILJUM VINNA AÐ.**

- VIÐ VILJUM SETJA ALLAN FISK Á MARKAÐ OG  
LEYFA FRJÁLSAR KRÓKAVEIÐAR**
- VIÐ VILJUM AÐ MENNTUN OG HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA VERÐI Í  
HEIMABYGGÐ**
- VIÐ VILJUM SETJA Á LAGGIRNAR SAMFÉLAGSBANKA**

**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á [WWW.XDOGUN.IS](http://WWW.XDOGUN.IS)  
KJÓSTU FRÁ HJARTANU!**



# Látum ekki endurreisn fjölskyldunnar verða kosningamál í framtíðinni



Eva Pandora.

Markmið hverrar þjóðar hlýtur að vera það að landsmenn séu það bjartsýnir á framtíð sína að þeir hlakki til að stuðla að áframhaldandi fjölgun hennar. Við þurfum fólk, hamingjusamt fólk sem treystir því að ákvörðunin um að eignast barn verði gæfurík. Til þess að ná þessu markmiði hafa þjóðir heimsins farið mjög mismunandi leiðir. Allt frá því að gera næstum ekki



Andri Þór Sturluson.

neitt eins og víða í Bandaríkjunum og til þess að senda öllum nýbökkuðum foreldrum byrjunarpakka með helstu nauðsynjum til að styðja við bakið á þeim eins og í Finnlandi. Sumar hafa engan virðisaukaskatt á bleyjum og barnamat og margar hafa komist að þeirri niðurstöðu að fæðingarorlof sé mikilvægur réttur og stuðningur sem skilar sér til baka á fleiri vega en einn.

Í raun og veru stuðningur við hagsæld þjóðarinnar sjálfar.

Nú er svo komið fyrir okkur Íslendingum, sem þó standa mörgum framur í þessum efnum, að fæðingartíðni er að lækka og feður eru ekki að taka fæðingarorlof til jafns við mæður. Þar tapa allir. Feður verða af hugsanlega mestu gæðastundum sem lífið getur gefið okkur, ungabörn njóta ekki nálægðar við föður sinn og mæður skerða möguleika sína á vinnumarkaði. Og í þökkabót skerðast möguleikar allra kvenna á vinnumarkaðnum. Þetta viljum við laga.

Fyrir marga er það svo mikið fjárhagslegt högg að eignast barn að því er frestað eða sleppt. Höggið slær svo samfélagið sem bregst ekki við vandanum til baka með lækkaðri fæðingartíðni, færri einstaklingum til að halda uppi samfélaginu og erfiðleikum, sem við þekkjum nú vel sem fámenn þjóð. Þetta þarf að laga.

Píratar stefna að því að lögfesta lágmarksframfærsluviðmið þar sem allir eiga rétt á mannsæmandi tekjum. Lykilorð eru *allir*

og *mannsæmandi*. Píratar stefna einnig að því að lágmarks-greiðslur úr fæðingarorlofssjóði og vegna fæðingarstyrks verði aldrei lægri heldur en grunn-neysluviðmið sem Velferðaráðuneytið gefur út.

Nú árið 2016 er þetta grunnviðmið 224.155 kr. fyrir þar í sambúð á höfuðborgarsvæðinu með ungabarn fyrir utan húsnæðis-kostnað. Þegar hann bætist við er ljóst að upphæðin dugar alls ekki fyrir framfærslu og er því ekki mannsæmandi.

Í stjórnarskrárfrumvarpi Stjórn-lagaráðs er ákvæði um að konur og karlar skuli njóta jafns réttar í hvívetna. Nýja stjórnarskráin er eitt megináhersluatriði Pírata. Foreldrum á að vera úthlutaðir jafn margir mánuðir til fæðingarorlofs ásamt því að geta skipt hluta tímans sín á milli eftir geðþótta. Ísland hefur lang stystan fæðingarorlofstíma allra Norðurlandanna með 9 mánuði á meðan hin löndin hafa 12-16 mánuði. Þar sem erfitt er að fá pláss í daggæslu fyrir ungabörn undir 12 mánaða aldri hafa margir

Íslenskir foreldrar þurft að dreifa fæðingarorlofsgreiðslum sínum til lengri tíma til þess að geta brúað bilið milli fæðingarorlofstíma og daggæslu. Það leiðir til frekari tekjuskerðingar fjölskyldunnar. Með lengingu fæðingarorlofstímans í 12 mánuði þar sem móðir fengi 3 mánuði, faðir 3 mánuði og 6 mánuðir væru sameiginlegir væri auðveldara fyrir foreldra að brúa þetta bil ásamt því að aukinn tími sem fjölskyldan fær saman stuðlar að vellíðan og velferð barns og foreldra. Að því markmiði stefnum við.

Fæðingartíðni Íslendinga er nú sú lægsta síðan að mælingar hófust. Það þarf fólk til að halda úti þjóð. Látum ekki endurreisn fjölskyldunnar verða kosningamál í framtíðinni. Föllum í þetta núna.

Fyrir hönd Pírata í fæðingarorlofi:

**Eva Pandora**, 1. sæti Pírata í Norðvesturkjördæmi og nýbökkuð móðir.

**Andri Þór Sturluson**, 3. sæti Pírata í Suðvesturkjördæmi og þriggja barna faðir.



## Píratar í Norðvesturkjördæmi



Eva Pandora Baldursdóttir

### Upphitun fyrir kosningavöku á kosningaskrifstofu

**Borgarnes**  
Borgarbraut 4

FÖSTUDAGINN  
28. október

21:00



Gunnar I. Guðmundsson

### Kosningavaka á kosningaskrifstofu

**Borgarnes**  
Borgarbraut 4

LAUGARDAGINN  
29. október



Eiríkur Þór Theódórsson

ENDURRÆSUM  
ÍSLAND

# Dreymir þig um varanlegt heimili?

Stígðu fyrsta skrefið og hjálpaðu okkur að meta þörfina fyrir fleiri Leiguheimili

Leiguheimili er nýtt kerfi að danskri fyrirmynd sem gerir meðaltekjufólki kleift að komast í 20–30% lægri langtímaleigu. Kíktu inn á [leiguheimili.ils.is](http://leiguheimili.ils.is) og skráðu þig á póstlistann. Við munum senda þér fréttir af framvindu verkefnisins. Segðu okkur í leiðinni hvar þú vilt búa og hversu marga fermetra þú þarft.



# Áherslur kjósenda í NV kjördæmi

Samkvæmt könnun á bb.is í liðinni viku leggja lesendur vefsins fyrst og fremst áherslu á heilbrigðis- og samgöngumál fyrir kosningarnar en 33% svarenda nefndu heilbrigðismál sem áhersluatriði en 27% samgöngumál. Næst á eftir voru atvinnumál sem voru hugleikin 12% svarenda en 11% þeirra lögðu áherslu á lýðræði, stjórnarskrá og spillingu. 1 – 5% nefndu mennta-, umhverfis-, menningar- og utanríkismál. Bæjarins besta hefur nú boðið öllum oddvitum framboða hér í NV kjördæmi að upplýsa um stefnu sína og áhersluatriði í þessum fjórum málaflokkum í blaðinu og fara svör þeirra hér á eftir.

## Stefna og áhersluatriði í heilbrigðismálum



### Vinstri græn:

Félagslegur reksturheilbrigðisþjónustunnar er grundvallaratriði. Einkarekstur í ágóðaskyni á ekki heima í velferðarþjónustunni.

Auka þarf framlög ríkisins til heilbrigðisþjónustu þannig að þau verði sambærileg við það sem gerist á hinum Norðurlöndunum.

Ljúka þarf við byggingu nýs Landspítala við Hringbraut sem fyrst og efla um leið sjúkraflutninga og sjúkraflug um land allt.

Stefnt skal að því að öll heilbrigðisþjónusta á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum verði gjaldfrjáls. Byrjað verði á að lækka kostnað vegna barna, öryrkja og aldraðra og þjónustu göngudeilda sjúkrahúsanna.

Styrkja þarf heilsugæsluna þannig að hún verði alltaf fyrsti viðkomustaðurinn og koma á valfrjálsu tilvísanakerfi.

Forgangsverkefni er að sálfræðiþjónusta verði hluti af almennri heilbrigðisþjónustu. Fjölga þarf hjúkrunarrýmum og tryggja góða þjónustu við okkar elstu borgara.

### Sjálfstæðisflokkur:

Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt áherslu á uppbyggingu í heilbrigðismálum á þessu kjör-

tímabili, um land allt. Það er grundvallarbreyting frá fyrra kjörtímabili. Ef bornar eru saman tölur frá þeim tíma, fækkun starfsmanna almennt í opinberum rekstri, þá var fækkun starfsmanna á sviði heilbrigðisþjónustu 7,3% hjá undirstofnum heilbrigðisráðuneytisins á móti 4,2% sem er meðaltalsfækkun. Á nýju ári tókum við upp nýtt og sanngjarnt greiðsluþáttökukerfi þar sem þak er sett á kostnað einstaklinga fyrir heilbrigðisþjónustu. Sjálfstæðisflokkurinn í NV kjördæmi leggur áherslu á eflingu þeirra stofnana sem þar eru. Við leggjum sérstaklega áherslu á fæðingarþjónustu og mæðraeftirlit og eflingu þess.

### Samfylking:

Heilbrigðismál eru forgangsmál jafnaðarmanna. Við viljum efla Heilbrigðisstofnun Vestfjarða í verki og standa vörð um þjónustuna á öllu svæðinu, bæði á suðurfjórðunum og norðanvert. Með áforum um mikil umsvif í nýjum greinum atvinnu verður þetta algjör forsenda. Við munum beita okkur fyrir endurreisn heilsugæslunnar og vinna að því að menntunarmál heilbrigðisstétta fyrir landsbyggðina fái forgang, t.d. að undirségrein heimilislækninga, héraðslækningar fari af stað skv.

reglugerð. Sömuleiðis að svipuð sérgrein á sviði hjúkrunarfræði verði eflað. Við krefjumst þess að sérfræðiþjónusta verði flutt til íbúanna með markvissum hætti og viljum að sjúkrahúsið nýti viðbúnað sinn til þátttöku í styttingu biðlista á landsvísi.

### Viðreisn:

Fjárframlög til heilbrigðismála í fjórðungnum eru mun lægri en til sambærilegra stofnana annarsstaðar á landinu. Auka þarf fjárframlög til rekstrarins svo HVEST geti staðið við að sinna hlutverki sínu af sóma. Stefnuleysi hefur verið vandamál í kerfinu; réttindi sjúklinga eru óskýr, markmiðin óljós og eftirfylgni og gæðaeftirliti verulega ábótavant. Hér á ég ekki við stofnunina staka heldur heilbrigðiskerfið í heild. Þetta var niðurstaða mín þegar ég gerði sem heilsuhagfræðingur forúttekt a stofnuninni fyrir nokkrum misserum. Til viðbótar er mikilvægt að loforðum um fjárútlát fylgi raunhæfar lausnir við fjármögnun. Myntráðsleið og vaxtalækkun samhliða vandaðri sölu ríkiseigna eru hér tillögur Viðreisnar.

### Píratar:

Þegar hugað er að langtíma heilbrigðisáætlun álykta Píratar að hafa skuli velferð sjúklinga

og annarra þjónustuþega að meginmarkmiði og auka skuli á þjónustu við landsbyggðina, sjálfstæði rekstrareininga og gagnsæi í málefnum tengdum heilbrigðisþjónustunni. Einnig skal huga að auknu álagi vegna fjölda ferðafólks um landið. Meðferðarúræði skulu teljast hluti af heilbrigðisþjónustu, svo sem sjúkraendurhæfing, meðferðir við fíkn og öldrunarþjónusta. Einnig skuli sálfræði- og tannlæknaþjónusta falla undir almenna heilbrigðisþjónustu. Píratar stefna að því að heilbrigðisþjónusta verði gjaldfrjáls fyrir alla landsmenn sem og lyfjakostnaður vegna langvinnra sjúkdóma. Endurmenntum heilbrigðisstarfsfólks skal vera með besta móti, m.a. með því markmiði að byggja upp lýðheilsu og forvarnarstarf á öllum sviðum mannlífs.

### Framsókn:

Framsóknarmenn vilja vinna að heilbrigðisáætlun fyrir Ísland. Þar þarf að skilgreina hvaða þjónusta veita eigi á Landspítala og hvaða þjónusta eigi að veita á heilbrigðisstofnunum víða um landið. Við gerð heilbrigðisáætlunar skal taka mið af raunverulegum þörfum og horft til samgangna, fjarlægða, aldurs- og samsetningar íbúa og

o.s.frv. Þessa áætlun þarf að vinna í samráði við heimamenn á hverjum stað, þeirra sem þekkja til aðstæðna. Fjárveitingar til málaflokksins þurfa að taka mið af þessum þörfum. Með þessum hætti væri fjármagni skipt með réttlátari hætti og aukin þjónusta væri í boði á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni. Auk þessa vilja Framsóknarmenn að nýr Landspítali rísi hratt á nýjum stað.

### Björt framtíð

Eitt grundvallarviðfangsefni heilbrigðiskerfisins er að tryggja nægan fjölda af hæfu starfsfólki. Menntun og þjálfun skiptir hér máli. Laun þurfa að vera samkeppnishæf og starfsumhverfið gott. Því miður vantar talsvert upp á það. Björt framtíð vill breyta því, m.a. með því að tryggja að á hverjum tíma sé til vönduð mannaflaspá fyrir heilbrigðisstarfsstéttir. Björt framtíð vill efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað í heilbrigðiskerfinu og stórauka þjónustuna þar, m.a. með auknu aðgengi að sérfræðingum og aukinni þjónustu. Við teljum að unnt sé að bæta þjónustu og hagræða með því að nýta betur þá þekkingu og reynslu sem hinar fjölmörgu starfsstéttir búa yfir.

# Stefna og áhersluatriði í samgöngumálum



Frá gerð Vestfjarðaganga. Mynd: Vegagerðin.

## Vinstri græn:

Vinstri græn leggja áherslu á markvissa uppbyggingu í vegamálum með sérstakri áherslu á almennt viðhald og héraðs- og tengivegi og að lokið sé uppbyggingu þjóðvega á þeim svæðum sem enn eru lélegir malarvegir og unnið sé eftir markvissri jarðgangnaáætlun. Markaðir tekjustofnar þurfa að renna óskipt til samgöngumála.

Umhverfissjónarmið þarf að hafa að leiðarljósi við allar ákvarðanir í samgöngumálum þar sem mikil tækifæri eru í samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í þeim málaflökki.

Hrinda þarf af stað stórátaki í þrífösum rafmagns í dreifbýli og gera tímasetta áætlun um að ljúka háhraðanettengingu um allt land.

Unnið verði að því að opna fleiri hlið inn til landsins til að

auka möguleika fleiri svæða til að uppskera arð af ferðþjónustu.

## Sjálfstæðisflokkur:

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að samgönguframkvæmdir eru eitt brýnasta byggðamál Vestfjarða. Nú eru komin í útboð framkvæmdir við göng úr Dýrafirði í Arnarfjörð. Þá er lagning og endurbygging á heilsársvegi milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða á framkvæmdaáætlun. Veglagning um Gufudalssveit og óvissa um hana er óþolandi. Þar er nú vonast eftir niðurstöðu innan tíðar og er það í raun vonum seinna. Nú sér fyrir endann á stærstu úrbótum í fjarskiptamálum, seinni ára, sem Vestfirðir hafa lengi þurft að bíða eftir. Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er að ljúka. Þá renna upp nýir tímar í möguleikum sem byggja á nútíma fjarskiptum.

## Samfylking:

Samgöngumál eru hagsmunamál allra Vestfirðinga og þar þarf að berjast fyrir flýtingu á ýmsum sviðum. Ljúka þarf framkvæmdum í Gufudalssveit á sunnanverðu svæðinu og vinda sér síðan af krafti í Dýrafjarðargöng og vegabætur tengdar þeim. Með þessu opnast margvíslegir möguleikar, bæði í atvinnu- og mannlífi. Setja verður á dagskrá í því sambandi áform um staðsetningu flugvallar fyrir Vestfirðinga sem gegnt geti hlutverki millilandaflugs, bæði með sérgreinda hópa ferðamanna og fiskflutninga beint á markað. Efni úr nýjum veggöngum má nýta til að bæta flugbraut sem fyrir er. Víða þarf að stórbæta núverandi vegakerfi, sérstaklega þar sem nánast er um einbreiða

vegi að ræða.

## Viðreisn:

Verkefni eru mörg og því vill Viðreisn fjármagna viðbótarframlag til samgöngubóta með auðlindagjöldum sem tengd eru úr landshlutunum. Það er fagnaðarefni að Dýrafjarðargöng séu komin í útboð og Dynjandisheiði á réttri leið. Við viljum efla samgöngur og auka samgönguöryggi í flugi með því að skoða mögulega nýja framtíðarlegu flugvallar við norðanvert Djúp, eða ná því markmiði með öðrum leiðum. Minni flugtíðni á Ísafjörð eftir flugvélaaskipti Flugfélags Íslands er nefnilega áhyggjuefni.

Víða þarf að sinna nauðsynlegu viðhaldi vega, eins og í Seyðisfirði. Fyrir liggur áætlun um ljósleiðaravæðingu, en þar hefur gengið allt of hægt. Ánægjulegt var að sjá rannsóknafé úthlutað fyrir Álfafjarðargöng enda göngin augljós kostur í röðinni. Gera þarf stórátak í að setja upp hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla um allan fjórðung svo bolvíski Orkubúsmaðurinn verði ekki eini Vestfirðingurinn á rafbíl næstu tíu ár líka.

## Píratar:

Til þess að það sé raunverulega hægt að búa um allt land þarf grunnþjónusta að vera til staðar fyrir alla landsmenn. Píratar vilja að tryggðar verði viðunandi almenningssamgöngur til allra þéttbýlisstaða á landinu. Samgöngustefna Pírata er ekki fullmótud en ætíð skal gera ráð fyrir að breytingar séu gerðar í samráði við heimamenn og að ákvörðunartaka sé í höndum nærsamfélagsins.

## Framsókn:

Á síðasta kjörtímabili var áhersla lögð á að ná niður skuldum ríkissjóðs. Þannig náði ríkisstjórn undir forystu Framsóknarflokksins gríðarlegum árangri í ríkisfjármálum. Skuldir ríkisins hafa ekki verið minni í áratugi og nú er fer miklu minna fjármagn í að borga skuldir og vaxtagjöld. Svigrúm til uppbyggingar er því til staðar og nú komið að því að setja milljarða í samgöngubætur. Dýrafjarðargöng eru í útboði og samkvæmt samþykktri samgönguáætlun er áætlað fjármagn í að klára Dynjandisheiði, Vestfjarðarveg 60 og hefja rannsóknir vegna Álfafjarðarganga.

Halda verður áfram með vegabætur í Árneshreppi og þá vinnu þarf að vinna með heimamönnum, þeirra sem þekkja til aðstæðna. Einnig þarf að tryggja flugsamgöngur vestur á firði, svo að eitthvað sé nefnt.

## Björt framtíð

Björt framtíð vill að samgönguáætlun verði alltaf höfð til grundvallar uppbyggingu og viðhaldi á samgöngukerfinu svo hægt sé að forgangsráða verkefnum og leggja raunhæft mat á árlegan kostnað við viðhald og nýlagningu vega og flugvallar eða annarra samgöngubóta. Álag á vegakerfið hefur til að mynda aukist gríðarlega undanfarin ár en viðhald á því hefur verið algerlega úr takti. Við viljum efla almenningssamgöngur og gera þær að raunverulegum valkosti. Framlög til samgöngumála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa þar að auki lækkað frá árinu 2013. Við kunnum ekki að meta svona vinnubrögð. Framtíðarsýnin þarf að vera skýr svo hægt sé að gera langtímaáætlanir sem taka til kostnaðar og framkvæmdahraða. Það er mikilvægt að vinna upp töpuð ár í viðhaldi og nýbyggingu vega með átaki í vegagerð.



Holur í Arnarfirði. Mynd: Drífa K. Garðarsdóttir.



# Stefna og áhersluatriði í atvinnumálum



## Vinstri græn:

Tryggja þarf að lægstu laun dugi fyrir grunnframfærslu, að vinnuvikan styttest án kjarskerðingar og að upphæðir almannatrygginga fylgi launaþróun.

Mikilvægt er að koma í veg fyrir mansal, misnotkun á vinnuafli og félagsleg undirboð með samstarfi við verkalýðshreyfinguna.

Atvinnulíf á Íslandi þarf að byggja upp í sátt við umhverfi og án þess að gengið sé á hagsmuni komandi kynslóða. Þess vegna er mikilvægt að fjárfesta í rannsóknnum og nýsköpun.

Endurskoða þarf stuðningskerfi atvinnulífsins. Meginmarkmiðið með slíkri vinnu yrði að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi í sátt við samfélag og auðlindir.

## Sjálfstæðisflokkur:

Á Vestfjörðum eru spennandi tímar í atvinnumálum. Þar er raun af mörgu að taka, en fyrst nefnum við tækifæri sem eru tengt raforkuframleiðslu og fiskeldi. Nú liggur fyrir að á Vestfjörðum getur orðið innan fárra ára mikil raforkuframleiðsla. Iðnaðarráð-

herra hefur nýlega stuðlað að því að bygging á tengivirki geti orðið með þeim hætt að virkjun Hvalá, Austurgilsvirkjun og fleiri virkjanakostir geta orðið að veruleika. Orkuframleiðsla og atvinnu uppbygging á sviði orkunýtingar eru kostir sem nú blasa við íbúum á Vestfjörðum. Fiskeldið er þegar orðin kjölfesta atvinnulífsins og hefur þegar skapað verðmæti og atvinnu og á tækifæri. ferðaþjónusta á mikið inni og gera framtíðina mjög spennandi. Það er okkar að grípa þessi tækifæri. Því er mikilvægt að samgöngumál og fjarskipti ásamt annari grunnþjónustu sé tryggð.

## Samfylking:

Atvinnuhættir tengdir matvælaframleiðslu hafa verið aðalsmerki Vestfirðinga frá aldaöldli og kista hafsins verið þeim drjúg. Greinin stendur fjórðungnum næst og jafnaðarmenn vilja auka möguleika til uppbyggingar í sjávarútvegi á svæðinu. Nýsköpun tengd sjávarútvegi hefur skotið rótum og gefur góð fyrirheit. Áform eru um aukningu laxeldis sem þegar er



Sirry kemur til Bolungarvíkur. Mynd: Hafþór Gunnarsson.

hafið. Jafnaðarmenn studdu með afgerandi hætti framkvæmdir sem þegar eru hafnar á suður-fjörðunum og styðja það áfram við Djúp enda krafa gerð um að vinna málin í sátt við umhverfið og af fagmennsku og ábyrgð. Í ferðaþjónustu eiga Vestfirðingar dauðafæri. Jafnaðarmenn munu stuðla að eflingu þessarar atvinnugreinar með eflingu tekjustofna sem renni til sveitarfélaga.

## Viðreisn:

Sjávarútvegsmál eru stærsta atvinnumálið á norðanverðum Vestfjörðum. Eins og ég fjalla um í grein minni sem birtist hér í blaðinu, þá er uppboðsleiðin réttlát til að taka ákvörðun auðlindagjalds úr höndum stjórn-málamanna. Óháð upphæð auðlindagjaldanna, er lykilaatriði að arðinum af auðlindinni sé varið meðal annars til að styðja þær byggðir sem hafa orðið undir í hagræðingu í sjávarútvegi.

Styrkja þarf innviði alla og styðja við nýsköpun sem nýtir kosti nærumhverfisins. Bíldudalur er hér gott dæmi. Fiskeldi verður að vera í sátt við umhverfið. Nærumhverfið verður bæði að hafa tekjur og áhrifavald á uppbyggingu í geiranum. Mögulega erfðablöndun við villta stofna þarf að taka alvarlega, og hafa eftirlit og rannsóknir í heimabyggð.

## Píratar:

Ákveðið hlutfall skatta af rekstri og störfum fyrirtækja skal renna beint til þess sveitarfélags þar sem starfsemi eða verslun fer fram. Við það myndast hvati til þess að byggja upp atvinnustarfsemi í sveitarfélögum á landsbyggðinni en stefna Pírata er að

byggja upp sjálfstæð sveitarfélög. Til þess að sveitarfélögin geta verið sjálfstæð þá verða þau einnig að vera sjálfbær fjárhagslega. Til þess að geta orðið sjálfbær fjárhagslega þá verður að rjúfa fátækragildru þeirra og búa til hvata til uppbyggingar sem leiðir til tekna.

## Framsókn:

Sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður eru grundvallaratvinnugreinar kjördæmisins. Eyða þarf óvissu um rekstrarumhverfi þessara greina og því hafna t.d. Framsóknarmenn uppboðsleið sem kæmi verst út fyrir litlar og meðalstórar útgerðir og við teljum óeðlilegt að sjávarútvegur einn greiði auðlindagjald. Auðlindagjald af öllum auðlindum okkar á að renna að hluta til sveitarfélaganna og að hluta til ríkisins. Í samstarfi við Landsnet og Orkustofnun unnum við að því að tryggja tengipunkt fyrir Hvalár- og Austurgilsvirkjanir. Hringtengja þarf orkuflutning um vestfirði í framhaldinu. Þá munum við sjá í nýrri byggða-áætlun tillögu okkar um lægra tryggingagjald fyrirtækja á landsbyggðinni.



# Stefna og áhersluatriði í lýðræði, stjórnarskrá og spilling



## Vinstri græn:

Fjölbreyttar leiðir til lýðræðis-þátttöku, svo sem íbúafundir, þjóðfundir, opin umræða og rökræðukannanir styrkja lýðræðislegt samfélag. Í samræmi við áherslur um aukið lýðræði um árabíl og starf og feril vinnu við gerð nýrrar stjórnarskrár tökum við undir kröfuna um aukna möguleika á þjóðaratkvæðagreiðslum að frumkvæði þjóðarinnar sjálfar. Brýnt er að klára nýja stjórnarskrá sem byggir á tillögum Stjórnlagaráðs.

Afhjúpun Panama-skjalanna minnti okkur öll á mikilvægi öflugra og óháðra fjölmiðla í samfélaginu. Lækkum virðisaukaskatt á fjölmiðla með það að markmiði að bæta rekstrarforsendur þeirra. Tryggjum faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði Ríkisútvarpsins og breiða aðkomu í stjórn þess. Setjum á laggirnar sjóð fyrir rannsóknablaðamennsku.

## Sjálfstæðisflokkur:

Stjórnarskrá verður með ákveðnum hætti líka að vera brjóstvörn fólksins og byggðanna. Við bendum á að í stefnu-skrá Pírata og Viðreisnar er lagt til að gjörbylta aðstæðum okkar sem búum langt frá hinu samþjappaða stjórnvaldi á SV-horninu. Í raun má segja að stefna þessara framboða færi okkur frá því að vera þjóðríki yfir í það að vera borgríki. Þar sem lífsbarátta okkar á landsbyggðinni verður afgangsstærð. Þetta er mjög hættulegt og ástæða til að vekja athygli á því. Spilling og leyndarhyggja eru ólíðandi með öllu í íslensku samfélagi. Jafnrétti fyrir lögum er grundvallarregla í allri stjórnskipun og stjórnsýslu landsins. Mestu skiptir að lagaumgjörð samfélagsins sé skýr, byggð á gegnsæi, jafnræði og skilvirkni. Réttaröryggi borgaranna verður

þannig betur tryggt sem og eftirlit stjórnvalda gegn hvers konar brotum og undanskotum.

## Samfylking:

Jafnaðarmenn berjast fyrir valldreifingu, lýðræðisumbótum og breytingum á stjórnarskránni. Við leggjum áherslu á að Ísland vinni að mannréttindamálum á alþjóðlegum vettvangi sem málsvari mannúðar, jafnréttis og lýðræðis. Ísland á að beita rödd sinni gegn hvers kyns mannréttindabrotum og til stuðnings réttindabaráttu minnihlutahópa, vegna kynferðis, kynhneigðar, kynþáttar, skoðana eða trúar. Við höfum lagt á það áherslur að ný stjórnarskrá tryggi eign almennings á auðlindum og sjálfbæra nýtingu þeirra. Þá er aðgreining valdþátta, ekki síst löggjafarvalds og framkvæmdarvalds mikilvæg. Það er mikilvægt að stjórnvöld virði og standi

vörð um sjálfstæði dómstóla og ákærvalds. Að staðinn sé vörður um faglegar ráðningar í embætti og opinber störf.

## Viðreisn:

Viðreisn vill hefja vinnu við heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og dreifa þeirri vinnu yfir fleiri en eitt kjörtímabil. Þar skal hafa í huga bæði tillögur stjórnlagaráðs, en einnig tillögur og athugasemdir sem komið hafa á seinni stigum. Við teljum að betra sé að gera litlar breytingar en að allt sigli í strand í óeiningu.

Viðreisn vill að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um framhald viðræðna við ESB, og verði sú kosning jákvæð verði kosið aftur um fyrirbyggjandi samning. Þetta er mikið lýðræðismál og prófmál á lýðræðisást flokkanna. Fólk hefur mismunandi skoðun á ESB, en hlýtur að vera sammála um að þetta sé sanngjörn leið fram á við.

## Píratar:

Gagnsæi er nauðsynleg forsenda fyrir ábyrgð og upplýstri þátttöku almennings í lýðræðinu. Til að fyrirbyggja spillingu þarf ábyrgðin að vera skýr og upplýsingar um ákvarðanir aðgengilegar öllum. Stjórnskipan landsins byggist á túlkunum, hefð og hentestefnu stjórnvalda. Almennur þarf alvöru verkfæri til að stöðva lög sem sett eru í óþökk þjóðar án þess að þurfa að efna til mótmæla. Til að geta haft áhrif á forgangsröðun mála á þingi þarf almennur að geta lagt fram mál á Alþingi. Málskotsréttur þjóðarinnar veitir aðhald og tryggir bætt vinnubrögð á þingi og frumkvæðisréttur þjóðarinnar færir vald og ábyrgð í hendur fólksins. Hvort tveggja er tryggt í nýju stjórnarskránni.

## Framsókn:

Ísland er meðal þeirra landa þar sem spilling er hverfandi. Áfram þarf að tryggja aðgang að upplýsingum og gegnsæi og þannig gera enn betur. Framsóknarmenn vilja enga kollsteypu með stjórnarskrá lýðveldisins enda hefur hún virkað vel. Helst viljum við sjá skýrara ákvæði um auðlindir landsins, að þær séu þjóðareign. Lýðræði á Íslandi er virkt þar sem fulltrúalýðræðið hefur sannað sig en við erum opin fyrir því að íbúar landsins geti fengið aukið svigrúm til að segja álit sitt á umdeildum málum.

## Björt framtíð:

Björt framtíð leggur þunga áherslu á að breytingar verði gerðar á stjórnarskrá Íslands í samræmi við vilja þjóðarinnar, eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrár-breytingar haustið 2012.

Björt framtíð vill auka ákvörðunartöku nær fólkinu í landinu m.a með því að færa fleiri verkefni til sveitarfélaganna og með eflingu sveitarstjórna-stígsins og frekari sameiningu sveitarfélaga.

Björt framtíð er stjórnmálaafli sem er laust við sérhagsmuni. Í Bjartri framtíð er venjulegt fólk sem vill láta gott af sér leiða. Góð mál verða betri ef fleiri koma að þeim. Skoðanir, þekking og kunnáttu fólks með alls konar bakgrunn og menntun eru fjársjóður. Upplýsingar eru gull. Björt framtíð þorir að leiða hin stærstu og erfiðustu deilumál til lykta með gögnum, rannsóknnum, opnu samtali og lýðræðislegum aðferðum. Við höfum okkar sannfæringu og stöndum á henni. En við höfum líka kjark til að hlusta á ádra.



# Byggjum á traustum grunni



Gunnar Bragi Sveinsson,.

Síðan ég hóf að ferðast um Vestfirði sem þingmaður hef ég sjaldan fundið fyrir jafn miklum krafti og bjartsýni og þessi misserin. Það er enda full ástæða til þess að horfa björtum augum fram veginn. Stórbæting er að verða á grunninnviðum svo sem með tilkomu Dýrafjarðarganga, stórar framkvæmdir í vegagerð eru framundan svo sem á Dynjandisheiði, og Teigsskógi, fé er tryggt til rannsókna á Álftafjarðargöngum, horfur eru á stórbættu raforkuöryggi með Hvalár- og Austurgilsvirkjun og örugg og trygg fjarskipti verða tryggð með ljósleiðaravæðingunni og svona mætti lengi telja. Stjórnvöld hafa einnig sýnt frumkvæði með því að hlusta á vilja heimamanna og skipa nefnd varðandi frekari innviðaupbyggingu. Vestfjarðanefndin skilaði glæsilegri skýrslu sem

unnið er nú úr.

Aðstæður í atvinnulífi eru einnig góðar, ferðaþjónustan er að verða sífellt mikilvægari atvinnugrein, mikil tækifæri liggja í skynsamlegri fiskeldisuppbyggingu á Vestfjörðum í sátt við umhverfi og samfélög og var það sérstaklega ánægjulegt fyrir mig að geta tekið ákvörðun um að byggja upp miðstöð fiskeldismála á Vestfjörðum með auknum rannsóknum og eftirliti. Sjávarútvegurinn og tengdar greinar eru einnig að sækja í sig veðrið. En uppbygging í atvinnulífinu er ekki sjálfsögð, fyrirtæki verða að hafa ákveðna framtíðarsýn til þess að gera áætlanir og byggja upp. Hugmyndir um uppboð á aflaheimildum eru andstæðan við rekstrargrundvöll með framtíðarsýn. Uppboð mun hraða samþjöppun í greininni og koma verst út fyrir litlar og meðalstórar útgerðir sem mikið er af í NV kjördæmi. Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi er hins vegar ekki fullkomið. Við eigum að einbeita okkur í að sníða vankanta af því frekar en að tefla á kollsteypur í einni af undirstöðu- atvinnugreinunum okkar.

Vegna ábyrgrar hagstjórnar og aga í ríkisfjármálum hefur nú skapast svigrúm með minnkandi vaxtagreiðslum til þess að byggja hér enn frekar upp. Fyrir þessar kosningar höfum við í Framsókn lagt sérstaka áherslu á nokkur atriði:

- Við viljum áætlun um sterkari heilbrigðisstofnanir um land allt byggða á þörfum íbúa og þeim tryggt rekstrarfé.

- Skattaívilnanir til byggðanna að norrænni fyrirmynd.

- Afslátt af námslánnum.
- Skattaafslátt vegna ferða til og frá vinnu.

- Lægra tryggingargjald lagt á fyrirtæki á landsbyggðinni.

- Öfluga millistétt, hún greiði 25% skatt.

- Átak í samgöngumálum.

- Efla menntakerfið og leggja sérstaka áherslu á iðnnám.

- Skapa landbúnaði og sjávarútvegi öruggt rekstrarumhverfi.

- Efla löggæslu og aðra innviði öryggismála.

Öll þessi atriði stuðla að bættum búsetuskilyrðum vítt og breitt um landið. Við ætlum að tryggja að það séu kraftmikil og verðmætaskapandi samfélög hringinn í kringum landið og að íbúar þessara samfélaga búi við sambærilega þjónustu og tíðkast í þéttbýlinu. Við höfum sýnt það að við höfum kjark til að breyta og við ætlum að byggja á þeim trausta grunni sem við höfum skapað. Til að vinna að þeim áherslum sem hér hafa verið nefndar þurfum við þinn stuðning. Á laugardaginn getur þú haft áhrif á það hvort hið jákvæða andrúmsloft sem einkennir Vestfirði í dag verði enn jákvæðara á næstu misserum. Við viljum vinna áfram að því með þér og því biðjum við um þinn stuðning. X við B á laugardaginn er skref í þá átt.

**Gunnar Bragi Sveinsson,**  
sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra og oddviti Framsóknar í NV kjördæmi.



## Okkar vinsælu

jóla- og villibráðahláðborð verða í Hótel Bjarkalundi

laugardagana 5. nóvember og 12. nóvember 2016. Hefst kl. 20:00.

Veislustjóri verður  
**Júlíus Guðmundsson**

Börnir verða fram hefðbundnir  
jóla- og villibráða réttir  
auk ýmiss annars góðgættis

Júlli sér um fjörið eftir  
matinn og fram eftir nóttu

Verð á hlaðborð  
**kr. 8.900,- per /mann.**

Tilboð á gistingu  
m/morgunmat + hlaðborð  
**kr. 15.900,- per /mann.**

Pantanir berist sem fyrst á:  
bjarkalundur@bjarkalundur.is  
og í síma:  
695-2091 Árni • 434 7762 Bjarkalundur  
699-6245 Inga



## Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

### Vestfjarðavegur milli Bjarkalundar og Skálaness

Vegagerðin hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Vestfjarðaveg milli Bjarkalundar og Skálaness.

**Kynning á frummatsskýrslu:** Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 27. október til 8. desember 2016 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Reykhólahrepps, Hótel Bjarkalundi, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

**Athugasemdafrestur:** Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 8. desember 2016 til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is).

**Kynningarfundur:** Vakin er athygli á að Vegagerðin mun kynna frummatsskýrsluna þriðjudaginn 8. nóvember kl. 17:00- 19:00 í Reykhólaskóla og eru allir velkomnir.



# Á réttri leið



Teitur Björn Einarsson.

Mikill efnahagslegur árangur hefur náðst á kjörtímabilinu sem er að líða, með tilheyrandi kaupmáttaraukningu alls almennings og bættum lífskjörum fólks. Uppbygging innviða og styrking á grunnþjónustu ríkisins er hafin á traustum grunni. Sjálfstæðisflokkurinn leggur því verk sín stoltur í dóm kjósenda í komandi kosningum og ef vel er haldið á spilum eru allar forsendur fyrir áframhaldandi lífskjósráðgjafandi landið um kring.

## Stjórnarskrá og ESB

En stór grundvallarmál eru jafnframt undir í þessum alþingiskosningum. Vinstriblokkinn boðar stórfelldar breytingar á stjórnarskránni og aðild að ESB. Það eru ekki lítil og krúttleg kosningaloforð heldur tillögur sem fela í sér afsal á fullveldi þjóðarinnar og minni áhrif landsbyggðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn hefur ávallt staðið vörð um sjálfstæði þjóðarinnar og hafnar aðild að ESB nú sem endranær. Þá eru engin haldbær rök fyrir því að kollvarpa stjórnarskránni nema ef tilgangurinn sé einmitt að raska valdajafnvægi fulltrúalýðræðisins

og grafa undan borgaralegum réttindum. Sjálfstæðisflokkurinn boðar yfirvegaðar breytingar og lagfæringar á tilteknum atriðum stjórnarskrárinnar, eins og ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu, í víðtækri sátt. Ef leggja á þessi tvö mál til grundvallar í kosningunum þá eru valkostir kjósenda nokkuð skýrir.

## Atvinnutækifæri

Fleira er undir í komandi kosningum sem varða hagsmuni landsbyggðarinnar með beinum hætti. Uppboðsleið í sjávarútvegi er ávísun á aukna skattheimtu og gjaldþrot líttilla og meðalstórra útgerða á Vestfjörðum og víðar með tilheyrandi atvinnuleysi og samþjöppun í greininni. Harkaleg uppstokkun á landbúnaðarkerfinu, sem sumir flokkar boða, mun hafa sambærileg neikvæð áhrif á byggðafestu í sveitum fjórðungsins.

Leiðin fram á við felst ekki í því að kollvarpa grunnatvinnuvegum landsbyggðarinnar heldur verður að byggja á grunninum sem fyrir er. Tækifærin eru til staðar á grundvelli sjálfbærrar nýtingar auðlinda. Uppbygging ferðaþjónustunnar og fiskeldisins á Vestfjörðum er til vitnis um það. Mestu skiptir að fólk hafi svigrúm og athafnafrelsi til að vinna verðmæti úr þeim auðlindum sem hér er að finna og fá notið af rakstur vinnu sinnar í stað þess að fjármunirnir leki af svæðinu í formi of hárra skatta og vaxta. Hluti af því er að sveitarfélög fá tekjur í samræmi við uppbyggingu á ýmis konar aðstöðu. Sjálfstæðisflokkurinn leggur ríka áherslu á að þessi tækifæri til atvinnuuppbyggingar verði nýtt með skynsamlegum

hætti og öll opinber stefnumörkun miði að því að búa í haginn til þess að svo megi verða.

## Uppbygging á Vestfjörðum

Uppbygging samfélagslegra innviða eykur byggðafestu og bætir búsetuskilyrði. Það er ekki ofsögum sagt að samgönguframkvæmdir eru eitt brýnasta byggðamál á Vestfjörðum og að þeim málum hefur verið unnið vel og ötullega á kjörtímabilinu.

Dýrafjarðargöng eru komin á útboðsstig og endurbygging heilsársvegar milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða er inni í framkvæmdaáætlun ásamt því að Álftafjarðargöng eru nú komin á undirbúningsstig. Uppbygging fjarskiptakerfis á Vestfjörðum er að ljúka og markverðum áfanga hefur verið náð í uppbyggingu raforkukerfisins með nýjum tengipunkti við innanvert Ísafjarðardjúp.

Saman mynda allir þessir þættir, ásamt fyrrgreindum atvinnutækifærum, raunveruleg sóknarfæri fyrir fólk til að bæta hér lífskjör til muna og byggja upp gott samfélag. Kerfiskollsteypur og endurræsingar eru óþarfar. Um það kjósa Vestfirðingar öðru fremur næsta laugardag.

Teitur Björn Einarsson.

Höfundur skipar 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi

## Nú verður líka opið á laugardögum

Kynntu þér nýjan og lengri opnunartíma Vínbúðarinnar á Patreksfirði.

NÝR OPNUNARTÍMI FRÁ 1. NÓVEMBER

mán - fim	14 - 18
fös	13 - 19
lau	11 - 14

vinbudin.is

VÍNBUÐIN

## Viðhaldsstjóri óskast á Bíldudal

Í boði er krefjandi og skemmtilegt starf hjá traustu og vel reknu fyrirtæki

Íslenska kalkþörungafélagið leitast að hæfum, áhugasömum, metnaðarfullum og lífsglöðum einstaklingi í starf viðhaldsstjóra í verksmiðju félagsins á Bíldudal. Viðkomandi þarf að vera árangursmiðaður, sýna frumkvæði og hafa áráði til að takast á við krefjandi starf sem felst í umsjón með eftirliti og viðhaldi á vélbúnaði verksmiðjunnar ásamt vinnuvélum sem notaðar eru á vinnusvæðinu.

### Hlutverk viðhaldsstjóra

- Þú tekur þátt í gerð áætlana og tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd breytinga og viðhalds á vélbúnaði verksmiðjunnar og vinnuvélum.
- Þú gegnir mikilvægu hlutverki varðandi kröfur um öryggi og umhverfismál enda eru öryggismál og velferð starfsfólks í forgangi.
- Þú hefur yfirumsjón með skipulagi og verkstjórn á verkstæði.
- Þú vinnur að stöðugum umbótum og fyrirbyggjandi viðhaldi.

### Menntun- og hæfniskröfur

- Menntun, reynsla og hæfni sem nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur en ekki krafa.
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum er kostur en ekki krafa.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg.
- Lípurð í mannlegum samskiptum er nauðsynleg.
- Áhugi og metnaður fyrir gæða-, umhverfis- og öryggisstjórnun.

Rekstur Íslenska kalkþörungafélagsins er í stöðugri framþróun. Félagið framleiðir hágæða fóðurbæti og fæðubótarefni úr kalkþörungum úr Arnarfirði og er árleg framleiðsla félagsins um 50 þúsund tonn af mismunandi kalkafurðum. Eigendur félagsins eru frumkvöðlar á sínu sviði sem einkum vinna að þróun ýmissa afurða úr kalkþörungum fyrir fæðubótarmarkað og til sýrustillingar og vatnshreinunar á mörkuðum víða um heim. Eru framtíðarmöguleikar því miklir.

Í boði er krefjandi starf í fallegu umhverfi Vestfjarða þar sem fjölmargar af helstu náttúruperlum landsins eru í næsta nágrenni. Á Bíldudal er vaxandi atvinnulíf ásamt gróskumiklu mannlífi þar sem íbúatalan fer hækkandi. Á Bíldudal er góður leik- og grunnskóli ásamt íþróttaaðstöðu auk þess sem sundlaugar og heilsugæsla eru í næsta nágrenni ásamt tækifærum til margvíslegra vetrariþróttar.

### Kynntu þér málið

Allar nánari upplýsingar veitir framleiðslustjóri fyrirtækisins, Jóhann Magnússon, í síma 863 7558. Einnig má senda fyrirspurnir á [johann@iskalk.is](mailto:johann@iskalk.is)

Um sóknir ásamt ferilskrá sendist Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. á sama netfang, merkt Viðhaldsstjóri fyrir 12. nóvember.



# Svona er Björt framtíð



G. Valdimar Valdemarsson.

## Fjölbreytt og spennandi Ísland

Björt framtíð er málsvari fjölbreytt, á öllum sviðum. Byggjum upp ferðaþjónustuna, skapandi greinar, rannsóknir og þróun, grænan iðnað og alls konar nýsköpun. Eflum skólastarf og menningarlífið og gerum Ísland að skemmtilegri stað til að vera á, uppfullum af tækifærum. Leyfum fólki að flytja til okkar og gerast nýir Íslendingar. Fáum unga fólkið heim. Treystum fólki til að skapa sín eigin tækifæri í traustu, opnu og alþjóðlegu samfélagi.

## Engin manneskja er útundan

Stöndum mannréttindavaktina, alltaf, fyrir börn, fyrir fatlað fólk, fyrir innflytjendur, fyrir konur, fyrir karla, fyrir ríka, fyrir fátæka. Hjálpum þeim mest sem virkilega þurfa aðstoð, til þess að lifa sjálfstæðu lífi, til þess að öðlast þak yfir höfuðið, til þess að ala upp börnin sín. Endurreisum heilbrigðiskerfið, með stórbættri heilsugæslu um land allt, öldrunarþjónustu, lýðheilsu og forvörnum, nýjum Landspít-

ala, betra gæðaeftirliti og miklu, miklu minni greiðsluþátttöku sjúklinga.

## Ábyrg langtímahugsun

Verndum umhverfið, björgum jörðinni, verum græn. Hugsun fram í tímann. Frestum ekki vandamálum. Innviðir Íslands eru að drabbast niður, vegirnir, skólarnir, spítalarnir. Samt er góðæri. Í stað þess að fjárfesta í innviðum hefur verið brúðlað með fé. Í stað þess að afla tekna af auðlindum okkar til samfélagslegra verkefna, eru þær færðar fáum á spottprís. Þannig gerir Björt framtíð ekki. Við búum í haginn.

## Yfirveguð stjórnsmál

Tölum saman, segjum satt. Virðum hvort annað. Góð mál verða betri ef fleiri koma að þeim. Skoðanir, þekking og kunnátta fólks með alls konar bakgrunn og menntun eru fjársjóður. Upplýsingar eru gull. Björt framtíð þorir að leiða hin stærstu og erfiðustu deilumál til lykta með gögnum, rannsóknum, opnu samtali og lýðræðislegum aðferðum. Við

höfum okkar sannfæringu og stöndum á henni. En við höfum líka kjark til að hlusta á aðra.

## Öflug sveitarfélög

Björt framtíð telur brýnt að farið verði ofan í saumana á tekju-skiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ýmis verkefni sem sveitarfélögin hafa tekið yfir hafa haft í för með sér meiri kostnað en fyrirhugað var. Skuldastaða margra sveitarfélaga er verulegt áhyggjuefni. Björt framtíð telur svigrúm til að endursejja um tekjuskiptingu þar sem gert sé ráð fyrir því að hagar ríkisins muni vænkast verulega á næstu árum en staða sveitarfélaganna standa óbreytt. Einnig er mikilvægt að halda aftur af fjárfestingaráformum hins opinbera og/eða forgangsraða þeim til að koma í veg fyrir spennu í hagkerfinu.

## Arður af auðlindum

Ísland er ríkt af auðlindum. Endurnýjanlega orkan, ósnortna náttúran og fiskurinn í sjónum eru okkur gjöful. Umfram allt þurfum við að passa upp á sjálfbærnina við nýtingu á þessum

auðlindum. Fyrir umhverfið og fyrir komandi kynslóðir. Stefna Bjartrar framtíðar í auðlindamálum er því samtengd umhverfisstefnunni. Við eigum að auka virðisaukann sem við fáum með nýtingu auðlindanna. Ekki með því að nýta meira, heldur að nýta betur. Það er með ólíkindum að ekki hafi farið fram opinber stefnumótun til að innheimta í auknum mæli tekjur af auðlindanotkun. Gjald fyrir afnot af sjávarauðlindum er í mýflugumynd og hefur verið lækkað. Tekjur af orkusölu geta aukist verulega ef látið verður af þeirri stefnu sem ríkt hefur um árabíl að stórkaupendum í stóriðju sé seld orkan á allt of lágu verði. Þá er náttúra Íslands viðkvæm auðlind sem ferðamenn vilja njóta. Það er fullkomlega eðlilegt að hið opinbera sækir sér umtalsverðar tekjur til þessarar auðlindanotkunar sem hægt væri að nýta til nauðsynlegrar uppbyggingar á innviðum ferðaþjónustu.

G. Valdimar Valdemarsson



G. Valdimar Valdemarsson


framkvæmdastjóri

Tökum byggðamál in föstum tökum og mótum skýra stefnu til framtíðar. Ekki meiri bútasam og tilviljanakenndar ákvarðanir.

## KJÓSTU BJARTA FRAMTÍÐ



MEIRI  
BJARTA FRAMTÍÐ  
MINNA FÚSK



Óttarr Proppé

þingmaður

# Osturinn úr sveitinni



ÍSLENSKUR  
**GÓÐOSTUR**  
- BARA GÓÐUR -

Á hverjum degi færir sveitin okkur hreina gleði.  
Við erum að tala um náttúrulega hollustu, vináttu  
sem vex og dafnar — og Góðost ofan á brauð.





Lilja Rafney Magnúsdóttir,  
1. sæti



Bjarni Jónsson,  
2. sæti



Dagný Rósa Úlfarsdóttir,  
3. sæti



Rúnar Gíslason,  
4. sæti



Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir,  
5. sæti

## Hverjum treystir þú?

Fylgstu með okkur á [facebook.com/nordvesturkjordaemi](https://www.facebook.com/nordvesturkjordaemi)



VINSTRI GRÆN

### Auglýsing um kjörfund vegna alþingiskosninga 29. október 2016

Kjörfundur vegna alþingiskosninga verður haldinn þann 29. október 2016. Kjörfundur hefst kl. 9 í öllum kjördeildum og stendur til kl. 21 í 1.-3. kjördeild en til kl. 20 í 4.-6. kjördeild. Kosið verður á eftirtöldum stöðum:

- 1.-3. kjördeild í Menntaskólanum á Ísafirði
- 4. kjördeild í Grunnskólanum á Suðureyri
- 5. kjördeild í Grunnskólanum á Flateyri
- 6. kjördeild í Félagsheimilinu á Þingeyri

**Sérstök athygli er vakin á því að kjörfundi lýkur kl. 21 á Ísafirði en ekki kl. 22 eins og verið hefur.**

Kjörskrá liggur frammi til kjördags á skrifstofu Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstræti 1 Ísafirði. Einnig geta kjósendur kannað hvar þeir eru á kjörskrá á síðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is)

Kjósendur eru minntir á að hafa með sér persónuskilríki á kjörstað. Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag verður í Menntaskólanum á Ísafirði. Símar yfirkjörstjórnar á kjördag eru 450-4406 og 450-4407.




Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar

Hildur Halldórsdóttir formaður

Aðalbjörg Sigurðardóttir

Björn Davíðsson

Þegar bókin kemur út verða helstu persónur kynntar til sögunnar á fyrstu opnu. Þær koma flestallar fyrir á þessari opnu. Lesendum til hægðarauka skal nú sagt hver er hvað. Sjáið stóru myndina efst á hægri síðu. Þar eru, talin frá vinstri: Auður Vésteinsdóttir, Vésteinn Vésteinnsson (á hesti), Gísli Súrsson (standandi), Þorkell Súrsson, Ásgerður Þorbjörnsdóttir, Þórdís Súrdsóttir, Þorgrímur Þorsteinsson (síðar Þorgrímur goði) og Börkur hinn digri.





## Sportið í beinni...

### fimmtudagur 27. október

19:05 Skallagrímur - ÍR

### föstudagur 28. október

19:45 Stjarnan - Keflavík

22:00 Körfuboltakvöld

23:00 T Raptors - CI Cavaliers

03:00 WGC: HSBC Champ

### laugardagur 29. október

11:20 Sunderland - Arsenal

13:25 Augsburg - B. Munchen

13:50 Man United - Burnley

14:10 Alavés - Real Madrid

14:55 F1: Æfing - Mexíkó

16:10 WBA - Man. City

16:20 Cr Palace - Liverpool

16:25 Blackb - Wolverhampt

16:25 B. Dortmund - Schalke

17:50 F1: Tímataka - Mexíkó

18:30 Watford - Hull City

18:30 Tottenham - Leicester

18:40 Barcelona - Granada

19:40 Middlesbr - Bournem

03:00 WGC: HSBC Champ

### sunnudagur 30. október

13:20 Everton - West Ham Utd

13:30 C Bengals - W Redskins

15:50 Southampton - Chelsea

18:30 F1: Keppni - Mexíkó

20:20 Atl Falcons - GB Packers

### mánudagur 31. október

19:50 Stoke C - Swansea City

22:00 Messan

### þriðjudagur 1. nóvember

19:15 Meistaradeildarmessan

19:40 Man City - Barcelona

19:40 Ludogorets - Arsenal

19:40 PSV - B. Munchen

19:40 Basel - PSG

21:45 Meistaradeildarmörkin

### miðvikudagur 2. nóvember

19:15 Meistaradeildarmessan

19:40 Legia - Real Madrid

19:40 Tottenh - B. Leverkusen

19:40 B. Dortmund - Sporting

19:40 Köbenhavn - Leicester

21:45 Meistaradeildarmörkin

## Dagar Íslands

### 31. október 2011:

Mannfjöldinn á jörðinni náði

7 milljörðum samkvæmt mati

Sameinuðu þjóðanna.

## Helgarveðrið

### Á föstudag:

Suðvestan kaldi með éljum, en hægari og léttskýjað austanlands. Hiti 0 til 5 stig.

### Á laugardag:

Líklega allhvöss sunnanátt austanlands með rigningu, en norðaustanátt um landið vestanvert og fer yfir í slyddu eða snjókomu norðvestanlands.

### Á sunnudag:

Útlit fyrir nokkuð hvasa norðvestanátt og snjókomu eða slyddu um landið norðanvert, en úrkomulífið sunnantil.

# Krossgátan

				HLJÓÐFALL	FRAM-VEGIS	ÚTUNGUN		BLÁSTUR	ÁMÆLA	BLANDAR
				MERKJA-MÁL						
				ÞRÓTTUR			SPÍRA			
							SNJÓ-HRÚGA			
				KROTA						
				ÞÖKK				SAMTÖK		
								SKJÓLA		
	↓	DÁÐ	Í RÖÐ	KRINGUM		HARLA				
				REIÐI-HLJÓÐ		GÓLA				
DUGLAUS					ERTA				ÆÐ BAKI	RJÁLA VIÐ
					UMFRAM					
ÓLMUR					ÆTÍÐ					
					HÓFDÝR					
GJALD-MIÐILL			SLEIT				ÁI			
			BANN-HELGI				MJÓLKUR-VARA			
VEIÐAR-FÆRI				SKRIFA				TVEIR EINS		
				AFGANGUR				SNÍKJUR		
ÁVÖXTUR						AF-HENDING				
						TINDUR				
		BITHAGI				SPYRJA				
		ÁLPAST				RÍSA				
TRAUÐUR					STORKA				BEYGUR	KEPPNI
					ÁKEFÐ					
TVEIR EINS			MÆLI-EINING				SKAUT			
			FATAEFNI				BEKKUR			
ÍLÁT				HVÆS				DRYKKUR		
				TVEIR EINS				ÁTT		
YNDIS						MEN				
BLÓMI						VIÐ-BURÐUR				

**ENDURSKOÐUN** Sími í Bolungarvík 450 7900  
Sími á Ísafirði 450-7910  
VESTFJARÐA ehf

Áðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði  
[www.verkvest.is](http://www.verkvest.is)

# Salernisaðstaða á Völuvelli skemmdist í miklu roki



				DINAMÓR	SKRAUT-STEINN	MELTINGAR-VÖKVI		EFTIR HÁDEGI	RÆDIR	KK NAFN
	RÆGJA	R	Ó	G	B	E	R	A		
	STJELA	A	P	A	HÖPUR IBJA	H	E	R		
	SVIK	F	A	L	S	TVEIR SNÍKILL	I	I		
	ÆTÍÐ ÁREYNSLA	A	L	L	T	A	F	ÓNÁÐA		
	↓	YRKJA	SUND KLAKI	Á	L	L	HARLA PISS	A	F	A
TIPL	T	R	Í	T	L	HREYFA KERALDI	H	R	Æ	R
STARTA	R	Æ	S	A	FUGL STREITA	Á	L	F	T	SKARA S
Í RÖÐ	J	K	ÓHREINKA SPIRA	K	Á	M	A	RÖLT BLIKK	A	R
STEFNA	Á	T	T	SKAPLYNDI RELL	L	U	N	D	SAMTÖK ÚTUNGUN	A
BORGA	L	A	U	N	A	PILFAR HANGA	D	E	K	K
	Æ	VITLEYSA SÍ- VINNANDI	R	U	G	L	ÆTLUN SKORDÝR	P	L	A
LOFT- STRAUM	V	I	N	D	ÁVINNA ÁN	A	F	L	A	UNADUR E
SPRIKL	I	Ð	D	U	F	L	ÆTT LITNINGAR	K	Y	N
BÓK	R	I	T	STRENGUR SAMTÖK	T	A	U	G	ÓNEFNDUR TVEIR EINS	N
FADMA	K	N	Ú	S	A	FISKUR	G	E	D	D
ÚT	I	N	N	A	N	SÁL	A	N	D	I

## Sudoku þrautir

	9		3							1
3										
5	8		1	6						
9		4								
1		3						8		
	7			4				6		
	3	9							5	
	4	1						2	6	
	5		9		1					

5	4								9	2
		8	5	1	9					
			4		2				6	5
7	2			8						9
								4	5	
			9	4						
		5						9		6
	8	6		2	3					7
1		2	6		7	3				

Í síðustu viku gekk mikið hvassviðri yfir landið og á Vestfjörðum var veðrið sérlega slæmt á svæðinu sunnanverðu. Í Bíldudal, sem yfirleitt er rómaður fyrir mikla veðursæld, urðu talsverðar skemmdir á Völuvelli er gámur sem beið þess að vera settur í jörð fór af stað og endaði á klósettaðstöðu vallarins og skemmdi hana mikið. Einnig fóru hástökksdýnur vallarins á mikið

flug og enduðu uppi í fjallshlíð, mörgum tugum metra frá upp-runastaðnum, en ekki er vitað hvort þær séu mikið skemmdar eftir volkið.

Páll Vilhjálmsson framkvæmdastjóri héraðssambands Hrafna-Flóka segir veðrið í síðustu viku hafa verið sérlega slæmt og til marks um það hafi tré rifnað upp með rötum, sem þarf töluverðan strekking til. Páll

segist ekki gera sér grein fyrir hversu mikið tjónið á Völuvelli sé í krónum talið, en Vesturbyggð á vellina og húsin sem þar eru. Á síðasta ári gerði einnig mikið óveður í dalnum og þá sprakk vallarhúsið sem fyrir var og í sumar voru settir upp tveir gámar og annar innréttur sem klósett og hinn sem vallarhús, þeim þriðja var ætlað hlutverk geymsluskúrs, sem búið var að grafa fyrir en beið eftir tæki til að hífa hann á sinn stað, en ekki er vitað hvort hann er nothæfur eftir flugferðina. Páll segir að gerðar hafi verið ráðstafanir fyrir storminn og strengd tóg yfir gáminn, en það dugði ekki til og fór sem fór.

Páll segir svo verkefni næstu sumra að leggja lokahönd á hina nýju aðstöðu á Völuvelli, eina íþróttavelli landsins sem kenndur er við konu. Hann segir frjálsíþróttalíf í Vesturbyggð í miklum blóma, það vanti bara fleira fólk til að sinna öllum þeim fjölda barna sem vill æfa íþróttir, sem hann segir einhver jákvæðustu teikn sem sést hafa á lofti í sveitarfélaginu, sem um langa hríð hefur átt undir högg að sækja en er nú aftur komið í sókn fyrir tilstuðlan fiskeldis í Suðurfjörðum.

annska@bb.is



## Kjörfundur í Súðavíkurbreppi verður sem hér segir:

Súðavíkurskóli kl. 12:00 – 20:00  
Heydalur kl. 12:00 – 18:00

## smáar

Til sölu Pajero árg. 2004. Þræl-skemmtilegur bíll - ný tímareim og í góðu standi. Uppl. í síma 698 3631

PRENTUM  
ALLT MILLI  
HIMINS

OG

JARÐAR



Mánagötu 2  
400 Ísafirði  
Sími: 456 4560  
Netf.: honnun@bb.is



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

**GUÐMUNDUR HAFSTEINN KRISTJÁNSSON**  
bifreiðastjóri í Bolungarvík



verður jarðsönginn frá Hólskirkju í Bolungarvík föstudaginn 28. október kl. 14. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Orgelsjóð Hólskirkju.

Jónína Þuríður Sveinbjörnsdóttir

Rögnvaldur Guðmundsson  
Soffía Guðmundsdóttir  
Kári Guðmundsson  
Kristján Guðmundsson  
Sveinbjörn Guðmundsson  
Kristín Þ. Guðmundsdóttir  
Guðrún D. Guðmundsdóttir  
Guðmundur H. Guðmundsson  
Eysteinn M. Guðmundsson

Halldóra Þórarinsdóttir  
Erla Ó. Sigurðardóttir  
Þórunn Árnadóttir  
Pétur V. Júlíusson  
Jóhann Þ. Ævarsson  
Karen E. Kristjánsdóttir  
Eygló Guðmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn

## Þjónustuauglýsingar



HRAFFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.  
- sjálfbær niðring sjávarauðlinda



# Sjálfstæðisflokkurinn í Norðvesturkjördæmi

## Tryggjum stöðuleika, lækkum skatta og aukum ráðstöfunartekjur. Með þínum stuðningi getum við haldið áfram á réttri leið. Settu X við D

Við leggjum áherslu á eflingu Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, sérstaklega á fæðingarþjónustu og mæðraeftirlit.

Við munum fylgja eftir og klára hringtengingu vegakerfis á Vestfjörðum ásamt því að fylgja eftir undirbúningi Álftafjarðargangna.

Við munum efla nýsköpun, sprotastarf og fjölbreytni í íslensku atvinnulífi, meðal annars með það fyrir augum að þróa frumgreinar í átt að þekkingariðnaði.

Við ætlum að tryggja framgang nýtingar á orkuframleiðslukostum á Vestfjörðum með bættu og öruggu flutningskerfi ásamt tækifærum til að nýta orkuna.



1. Haraldur Benediktsson  
Vestri Reyni

2. Þórdís Kolbrún  
Akranesi

3. Teitur Björn  
Flateyri

4. Hafdís Gunnarsdóttir  
Ísafirði

Kosningakaffi laugardaginn 29. okt. í Sjallanum, Ísafirði frá 12-16  
Uppl. um akstur á kjörstað og utankjörfundaratkvæði í síma 861-4691

D